

Flóahreppur heilsueflandi samfélag

Stýrihópur Flóahrepps – erindisbréf

Flóahreppur hefur markað sé stefnu á grundvelli heimsmarkmiða Sameinuðu þjóðanna. Í stefnu Flóahrepps kemur fram vilji íbúa um að sveitarfélagið verði heilsueflandi samfélag samanber markmið nr. 3, þó vissulega megi segja að öll markmiðin 17 hafi að meira eða minna leyti áhrif á heilsu og vellíðan.

HEIMSMARKMIÐ Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun



Sveitarstjórn Flóahrepps staðfesti umsókn um fá að gerast aðili að verkefni Landlæknisembættisins um „Heilsueflandi samfélag“ í lok ársins 2020.

Leiðarljós landlæknisembættisins í heilsueflandi samfélagi eru:

- Virk þátttaka samfélagsins í heild með aðkomu helstu hagsmunaaðila.
- Starfið byggir á bestu þekkingu og reynslu á hverjum tíma.
- Valda ekki skaða (*do no harm*) með því að huga ávallt að áhrifum starfsins á andlega, líkamlega og félagslega heilsu og vellíðan allra íbúa.
- Jöfnuður til heilsu með almennum aðgerðum og aðgerðum sem taka tillit til viðkvæmra hópa.
- Sjálfbærni með áherslu á starf og árangur til lengri tíma litið.

Markvisst verður unnið að því að gera holla valið að auðvelda valinu, og mælt er með því að hvert ár hafi sína sérstöku áherslu:

Sem dæmi um áherslur gætu verið:

- Hreyfing og útivera
- Næring
- Geðrækt, líðan og félagsleg virkni
- Heilbrigðir lifnaðarhættir, öryggi og sjálfbærni
- Annað það sem stýrihópurinn leggur til.



Til þess að öðlast fullgilda aðild að verkefninu Heilsueflandi samfélag hjá Landlæknisembættinu þarf sveitarfélagið að mynda stýrihóp. Í stýrihópi Flóahrepps starfa 5 aðilar.

Sveitarstjórn Flóahrepps óskar eftir að fulltrúar stýrihópsins komi frá eftirtöldum:

- Sveitarstjórn Flóahrepps
- Ungmennafélagið Þjótandi
- Flóaskóli
- Krakkaborg
- Íbúar

Verkefni stýrihópsins felast í stefnumótun, forgangsroðun verkefna, samræmingu, og upplýsingamiðlun um ýmsa mikilvæga þætti sem varða heilsu og velliðan.

Verkefni stýrihópsins

- Stýrihópur gerir tillögu um lýðheilsustefnu/samfélagsstefnu sveitarfélagsins.
- Í september/október ár hvert skilar stýrihópur tillögum um verkefni næsta árs þannig að hægt sé að taka tillit til þeirra við fjárhagsáætlanagerð. Tillögurnar skulu vera metnar að bæði kostnaði og umfangi og vera unnar út frá þarfagreiningu, gátlistum og lýðheilsuvísium. (Sjá vef landlæknisembættisins.)
- Stýrihópurinn skili í desember/janúar aðgerðaráætlun út frá samþykktri fjárhagsáætlun næsta árs.
- Stýrihópur, fylgi eftir aðgerðaáætlun og kynni reglulega fyrir sveitarstjórn með stöðuskýrslu eða í fundargerðum upplýsingum um framvindun mála.



- Stýrihópur, haldi uppi virku upplýsingastreymi og kynningum um Heilsueflandi samfélag til birtingar á heimasíðu Flóahrepps, í Áveitunni og fésbókarsíðum sveitarfélagsins.
- Stýrihópur hefur samstarf við starfssvið og starfsstöðvar sveitarfélagsins, og einnig nefndir og félagasamtök til að vinna að heilsueflandi samfélagi.
- Stýrihópur tilnefnir ár hvert, einstakling, fyrirtæki, stofnun eða félagasamtök til viðurkenningar fyrir heilsueflandi starf. Horft er til þess við valið að ekki aðeins snerti verkefnið eigið umhverfi heldur einnig nærsamfélag
- Unnin verði og kynnt ársskýrsla/samantekt um Heilsueflandi samfélags í Flóahreppi

Stýrihópurinn taki tillit til Heimsmarkmiða sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun. Þau byggja á þremur grunnstoðum sjálfbærrar þróunar þ.e. félagslegri, efnahagslegri og umhverfislegri sjálfbærni, með áherslu á að skilja engan eftir. Sérstaklega er unnið út frá því hvernig markmið nr. 3, um heilsu og velliðan, tengist hinum markmiðunum:

Starfstími

Sami og kjörtímabil sveitarstjórnar. Virkur stýrihópur er starfandi meðan samningur er í gildi milli Flóahrepps og Embætti Landlæknis um Heilsueflandi samfélag.

Verklag

Stýrihópurinn skal funda að jafnaði - þriðja hvern mánuð en oftast ef þörf þykir. Hámarks fjöldi funda á ári skal þó vera 6 á ári. Stýrihópurinn skilar fundargerðum, þar sem fram koma helstu ákvarðanir, verkefni sem unnin skulu á milli funda til sveitarstjórnar til staðfestingar. Formaður stýrihóps fylgir eftir verkefnum milli funda

Laun fyrir setu í stýrihópnum eru samkvæmt reglum sveitarfélagsins um nefndarstörf.

Samþykkt í sveitarstjórn Flóahrepps 09.03.2021

Eydís Þ. Indriðadóttir sveitarstjóri